

Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um markaðshlutdeild og samkeppni í dagvöruverslun.

Ráðherra fer með framkvæmd samkeppnislaga en í umboði hans annast sérstök stofnun, Samkeppniseftirlitið, eftirlit og daglega stjórnarsýslu á því sviði sem lögin ná til. Ráðherra hefur ekki bein afskipti af stjórn Samkeppniseftirlitsins en sérstakri stjórn er falið það hlutverk að lögum. Í d-lið 8. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, kemur fram að hlutverk Samkeppniseftirlitsins sé að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.

Óskað var eftir upplýsingum frá Samkeppniseftirlitinu við vinnslu fyrirspurnarinnar og byggjast eftirfarandi svör á þeim gögnum sem bárust þaðan. Samkeppniseftirlitið var á sama tíma að vinna að skýrslu um dagvörumarkað.

1. *Hver er talin vera markaðshlutdeild helstu verslanasamstæðna, sjálfstæðra dagvöruverslana og minni verslana á dagvörumarkaði, sundurliðað eftir verslanasamstæðum og verslanakeðjum, stærri sjálfstæðum verslunum og minni verslunum, annars vegar á landinu öllu og hins vegar í einstökum landshlutum?*

Farið er eftir skilgreiningum Samkeppniseftirlitsins varðandi skilgreiningar á markaðssvæðum. Þær upplýsingar sem fram koma í þessum tölulið miðast við árið 2014. Þá voru starfandi 180 dagvöruverslanir á Íslandi. Velta verslananna vegna sölu á dagvöru er áætluð um 130 milljarðar kr. á árinu 2014. Hlutdeild Haga var um 48–49% en fyrirtækið rak alls 41 dagvöruverslun. Af einstökum verslanakeðjum var Bónus með hæstu hlutdeildina eða 38–39%. Hlutdeild Kaupáss var um 19–20% en þar af var hlutdeild Krónunnar 15–16%. Samkaup voru með 15–16% hlutdeild en þar af var hlutur Nettó 8–9% af heildarmarkaði. Þá var 10–11/Iceland með 5–6% markaðshlutdeild. Aðrar dagvöruverslanir sem hafa nokkra hlutdeild eru Fjarðarkaup og Víðir en hlutdeild þeirra var 1–3%. Ekki er um aðrar dagvöruverslanir að ræða sem hafa teljandi markaðshlutdeild.

Á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 80 dagvöruverslanir og velta þeirra samanlagt er áætluð um 63 milljarðar kr. Hlutdeild Haga var 53–54% sem er hærra en markaðshlutfall Haga á landsvísu. Það sama á við um Kaupás sem hefur 23–24% markaðshlutdeild en lægra hlutfall á landsvísu. Markaðshlutdeild 10–11/Iceland er 6–7% sem er lægra en það er á landsvísu.

Á Akranesi þar sem íbúafjöldi var 7.300 íbúar var Krónan með mestu markaðshlutdeild eða 37–38% en hlutdeild Bónus var 31–32%. Hlutdeild Verslunar Einars Ólafssonar og Samkaupa – Strax var áþekk eða um 15–16% hjá hvorri verslun.

Í Borgarbyggð, sem skilgreind er sem Borgarnes, Bifröst, Hvanneyri og Varmaland, þar sem íbúafjöldi var 3.700, var Bónus með 66–67% markaðshlutdeild. Tvær verslanir í eigu Samkaupa (Nettó í Borgarnesi og Samkaup – Úrval á Bifröst) voru hins vegar með 33–34%.

Á Snæfellsnesi, sem telst sem Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær (Ólafsvík, Rif og Hellissandur) og Búðardalur, þar sem íbúafjöldi var 4.600 íbúar, var Bónus með 41–42% (ein verslun) markaðshlutdeild. Tvær verslanir í eigu Samkaupa voru hins vegar samtals með 34–35% hlutdeild. Aðrar verslanir, Kassinn í Ólafsvík og Virkið á Hellissandi, voru samantlagt með 24–25%.

Á Vestfjörðum eru stærstu dagvöruverslanirnar á Ísafirði og Hólmavík. Á Vestfjörðum eru 6.800 íbúar. Ein Bónusverslun á Ísafirði seldi tæplega helming allrar dagvöru í dagvöruverslun á svæðinu. Tvær verslanir Samkaupa – Úrvals á Ísafirði og í Bolungarvík voru með 29–30% hlutdeild og þrjár verslanir Kaupfélags Streingrímsfjarðar (á Hólmavík, Drangnesi og í Norðurfirði) voru með 13–14% hlutdeild á þessu svæði.

Á Norðvesturlandi, sem telst vera Hvammstangi, Blönduós, Sauðárkrókur og Skagaströnd, bjuggu 7.100 íbúar. Kaupfélag Skagfirðinga var með 47–48% markaðshlutdeild. Um er að ræða þrjár verslanir á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð. Hluttur Samkaupa var 22–23% og Kaupfélags Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga 13–14%. Hluttur Hlíðarkaupss á Sauðárkróki var 17–18%. (Athygli vekur að hvorki Hagar né Kaupás hafa haslað sér völl á Norðvesturlandi).

Á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, sem telst auk Akureyrar m.a. vera Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður, voru íbúar 24.000 og veltan tæplega 10 milljarðar kr. Hlutdeild Haga var um 59–60%, þar af var hlutdeild tveggja verslana Bónuss á Akureyri 47–48% og hlutdeild Hagkaupa um 11–12%. Hlutdeild Samkaupa var um 37–38%. Þar af var hluttur Nettó á Akureyri 19–20%. Hlutdeild 10–11 var 1–2% en hluttur annarra minni verslana var innan við 1%.

Á Norðausturlandi, sem telst m.a. vera Húsavík, Raufarhöfn, Kópasker, Vopnafjörður og Þórshöfn, bjuggu 4.500 íbúar. Fjórar verslanir Samkaupa hafa mikla hlutdeild eða 83–84%. Hvorki Hagar né Kaupás reka verslanir á svæðinu. Nokkrar minni verslanir eru á svæðinu með 16–17% markaðshlutdeild.

Á Austurlandi bjuggu 10.000 íbúar. Svæðið telst vera þau sveitarfélög sem þar eru en stærst þeirra eru Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Mjóifjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður), Egilsstaðir og Seyðisfjörður. Hluttur einnar Bónusverslunar á Egilsstöðum var 37–38%. Hluttur Krónunnar á Reyðarfirði var 19–20%. Hlutdeild Samkaupa var 38–39%.

Á Suðausturlandi, þ.e. Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri og Vík í Mýrdal, er aðeins um þrjár verslanir að ræða, Nettóverslun Samkaupa á Höfn og tvær Kjarvalsverslanir Kaupás, annars vegar á Kirkjubæjarklaustri og hins vegar í Vík.

Til Suðurlands teljast sveitarfélög á Suðurlandi, stærst eru Árborg (Selfoss, Stokkseyri og Eyrarbakki). Einnig eru þar Flúðir, Laugarvatn, Hella, Hvolsvöllur, Hveragerði og Þorlákshöfn. Á þessu svæði bjuggu 19.000 íbúar. Tvær verslanir Bónus voru með tæplega helmingshlutdeild. Hlutdeild Krónunnar var um 27–28%. Hlutdeild þriggja Kjarvalsbúða á Hellu, Hvolsvelli og Þorlákshöfn var um 11–12%.

Vestmannaeyjar teljast sem landfræðilegur markaður og þar búa 4.300 íbúar. Kaupás var með 77–78% markaðshlutdeild og Vöruval með 22–23%.

Á Suðurnesi, sem telst vera Reykjanesbær, Sandgerði, Garður, Vogar og Grindavík, bjuggu 21.000 íbúar. Bónus var með 40–41% hlutdeild, þrjár 10–11 verslanir voru með 10–11%, Kaskó með 4–5% og tvær verslanir Nettó voru með 34–35% (Kaskó og Nettó heyrir undir Samkaup, því er Samkaup með u.þ.b. 40% hlutdeild).

2. *Hvernig hefur markaðshlutdeild framangreindra aðila þróast, annars vegar frá útkomu skýrslu Samkeppniseftirlitsins „Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði“, sem kom út í janúar 2012 (rit 1/2012), og hins vegar í grófum dráttum frá 1990?*

Á títunda áratugnum var þróunin sú að aukin samþjöppun varð í dagvöruverslun og sú þróun hefur í grófum dráttum haldið áfram til dagsins í dag. Bónus opnaði sína fyrstu verslun 1989 og 10–11 var stofnuð 1991. Verslunum þessara fyrirtækja fjölgaði ört á höfuðborgarsvæðinu fyrstu árin. Árið 1992 sameinuðust Hagkaup og Bónus.

Á árunum 1995–1998 var hlutdeild Bónuss og Hagkaupa 33–36%, Nótatún var með 8–11%, 10–11 var með 5–8%, 11–11 var með 2–3%, Kaupgarður var með 1–2%, Fjarðar kaup 2–4% og hlutdeild Þinnar verslunar var 4–5%.

Hlutdeild Haga (áður Baugs) hélt síðan áfram að aukast og jókst stöðugt frá árinu 2000, þegar hún var 39%, þangað til 2009, þegar hún var 55%. Jafngildir það 2% aukningu á hverju ári á þessu tímabili. Hlutdeild fyrirtækisins lækkaði hins vegar 2010 í fyrsta sinn í áratug og varð þá 53%. Á sama tímabili lækkaði hlutdeild annarra dagvöruverslana úr 22% í 10%. Hlutdeild annarra dagvöruverslana hefur hins vegar aukist á liðnum árum sem má rekja til þess að 10–11 var seld úr samstæðu Haga í júní 2011 (sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2010). Þess má geta að 10–11 hefur styrkt stöðu sína með yfirtöku á dagvöruverslunum, fyrst tveimur 11–11 verslunum og síðar Iceland.

Af þessu má sjá að þróunin til ársins 2009 var aukin samþjöppun í verslun með dagvöru. Þessari þróun var snúið við tímabundið árið 2009, og þróunin síðan er talsverður viðsnúningur frá því sem var frá 1999–2011. Þessi þróun er vísbending um aukna samkeppni og fjölbreytni sem er almenningi til hagsbóta. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þó talsverðar hindranir á markaðnum sem gera nýjum aðilum erfitt fyrir að stækka og auka hlutdeild enn frekar, t.d. í samkeppni við lágvöruverslanir Bónuss og Krónunnar. Verslanir eins og Iceland, Víðir, Kostur og Fjarðar kaup og jafnvel fleiri verslanir hafa í kynningum og auglýsingum lagt áherslu á lágt verð á einstaka vörum. Þessar verslanir verða þó tæplega flokkaðar sem lágvöruverslanir sem eru með breitt úrval dagvöru á lágu verði, eins og t.d. Bónus og Krónan.

Þá virðast litlar breytingar hafa orðið frá 2011 að því varðar hlutdeild dagvöruverslana á landsvísu og staðan því svipuð í dag og hún var 2011–2012.

3. *Hvernig hefur verið fylgst með þróun afsláttar af verði frá birgjum til stóru verslanasamstæðnanna annars vegar og minni verslana hins vegar frá því að áðurnefnd skýrsla Samkeppniseftirlitsins kom út?*

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, hvatti Samkeppniseftirlitið birgja til að taka verðstefnu sína til athugunar, m.a. með hliðsjón af efni skýrslunnar. Í henni kom fram mikill mismunur á verði birgja til annars vegar stóru verslanasamstæðnanna og hins vegar minni dagvöruverslana. Söluverð til minni verslana var mun hærra eða um 15% hærra að meðaltali en til Haga. Við mat á þessu þarf að skoða að hvaða leyti magnhagræði hafa áhrif á verðið. Hugsanlega þarf að meta hvort kaupandastyrkur hafi leitt til meiri afsláttar en magnhagræðið eitt og sér leiðir af sér.

Könnun Samkeppniseftirlitsins er enn þá í gangi og nú hefur það m.a. óskað eftir upplýsingum frá birgjum, dagvöruverslunum og hagsmunasamtökunum fyrirtækja varðandi viðskiptakjör. Svör sem bárust frá fyrirtækjum fólu ekki í sér ítarlegar upplýsingar eða skýringar sem réttlættu betri viðskiptakjör. Því hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að hefja sérstaka rannsókn á viðskiptakjörum nokkurra birgja. Sú rannsókn er enn í gangi og þegar henni lýkur getur komið til að Samkeppniseftirlitið beitti þeim úrræðum sem stofnunin hefur yfir að ráða.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið sent skýrslu nr. 1/2012 til umsagnar haghafa á dagvörumarkaði og óskað eftir upplýsingum eins og greint er frá hér að framan.

Samkeppniseftirlitinu hafa borist ábendingar um að minni verslanir hafi sótt á birgja og fengið bætt viðskiptakjör eftir útkomu skýrslunnar og ábendingar um að stærri verslanir hefðu fengið betri kjör hjá birgjum þar sem lítill munur var á viðskiptakjörum. Í heild metur Samkeppniseftirlitið það svo að skýrslan hafi haft jákvæð áhrif að því er varðar óeðlilegan verðmismun frá birgjum til stærri aðila. Rannsókn vegna þessa er þó enn í gangi og til frekari upplýsinga má horfa til skýrslna Samkeppniseftirlits nr. 1/2012 og nr. 1/2015.

4. Hvernig metur ráðherra almennt samkeppnisaðstæður á dagvörumarkaði?

Eins og fram kemur í skýrslu Samkeppniseftirlitsins eru ákveðnar vísbendingar um að samkeppni á dagvörumarkaði hafi verið að aukast. Hins vegar sýnir skýrslan einnig að enn er samþjöppun þó mikil og mikilvægt að auka samkeppni á þessum markaði.

Vísbendingar eru um mögulega aukna samkeppni á þessum markaði með væntanlegri komu bandarísku verslanakeðjunnar Costco hingað til lands. Fróðlegt verður að fylgjast með þeirri þróun á næstu missirum.

Ráðuneytið telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið ljúki könnun sinni á viðskiptakjörum dagvöruverslana við birgja og haldi áfram að meta aðstæður á dagvörumarkaði. Að sama skapi er mikilvægt að atvinnulífið og stjórnvöld fari vel yfir ábendingar Samkeppniseftirlitsins og bregðist við þeim.